

Ed.

177. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „200 þúsund krónur“ í 2. tölulið 3. gr. laganna komi: 250 þúsund krónur.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangur verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

3. gr.

- a. Á eftir orðunum „500—1500 krónur“ í næstsíðustu mgr. 12. gr. laganna bætist: að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar.
- b. Í stað „6000 krónur“ í sömu lagagr. komi: 8000 krónur.

4. gr.

22. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

5. gr.

23. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðist þannig:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýlastjórnar, og takast þau ásamt kostnaði við skrifstofuhald af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

6. gr.

Í stað „nýbýlastjóra í störfum hans“ í 24. gr. laganna komi: nýbýlastjórn í störfum hennar.

7. gr.

- a. Í stað orðanna „nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra“ í a-lið 26. gr. laganna komi: nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.
- b. Í stað „nýbýlastjóri“ á tveim stöðum í b-lið sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
- c. Í stað „nýbýlastjóri“ í c-lið 2. í sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
- d. Í stað „Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða“ í c-lið 4. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.
- e. Í stað „Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða“ í c-lið 5. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.

8. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í niðurlagi fyrri málsgr. 28. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

9. gr.

- a. Í stað „nýbýlanefndar“ í 2. tölul. 30. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.
- b. Í stað „nýbýlanefndar“ í 3. tölul. sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

10. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í 1. tölul. 31. gr. laganna komi: nýbýlastjórn -- og í stað „nýbýlanefnd“ komi: hún.

11. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í 33. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

12. gr.

- a. Í stað „3500“ í 34. gr. laganna komi: 4500.
- b. Í stað „nýbýlanefndar“ í sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

13. gr.

Í stað „3500“ á tveim stöðum í 36. gr. laganna komi: 4500.

14. gr.

37. gr. laganna orðist svo:
Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur millum stjórn þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.

15. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í síðustu málsg. 38. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

16. gr.

Í stað „nýbýlastjóri“ á 3 stöðum í 39. gr. laganna komi: nýbýlastjórn.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 1938 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Millipinganefnd, sem kosin var af búnaðarþingi og starfaði milli búnaðarþinga, lagði til, að gerðar væru nokkrar breytingar á lögnum um byggingar- og landnámsjóð, og var það frumvarp lagt fyrir síðasta búnaðarþing og því þar vísað til nefndar. Nefnd þeirri vannst þó ekki tími til að ganga frá frumvarpi um þetta efni, en flutti þingsályktunartillögu um hækkað framlag bæði til endurbyggingarstyrkja og hækkuð lán til bygginga og nýbýla, og var sú tillaga samþykkt af öllum búnaðarþingsmönnum.

Landbúnaðarnefndin telur þá nauðsyn brýnasta að endurbyggja þá mörgu sveitabæi, sem komnir eru að hruni og ekki eru íbúðarhæfir, þótt í þeim sé búið. Því leggur hún til, að framlag til endurbyggingarstyrkja sé tvöfaldað frá því, sem nú er, og falli atvik þannig, að eitthvert ár verði húsagerð ekki svo mikil, að alls fjárens sé þörf, þá verði það, sem af gengur, lagt til hliðar og notað síðar, þegar á þarf að halda og fleiri byggja en hægt er að styrkja með hinu árlega framlagi.

Þar sem byggingarkostnaður hefur aukizt og enginn veit, hvernig hann breytist á næstu árum, þótti rétt að heimila að veita þeim einstaklingum, er byggingar-

styrks njóta að dómi nefndarinnar, að fá greidda á styrkinn verðstuðulsuppbót, er á hverjum tíma sé miðuð við það, hversu byggingarkostnaður í Reykjavík er mikill, miðað við 1939.

Vegna aukins kostnaðar við byggingar og hækkaðan byggingarstyrk er lagt til, að lán og styrkur megi nú vera allt að 8000 kr., eða 25% hærri en áður.

Með tilliti til þessa leggur nefndin einnig til, að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs hækki um 50 þúsund krónur á ári og verði framvegis 250 þúsund krónur.

Nefndinni er ljóst, að þetta er ekki nægjanlegt til að byggja fyrir vönduð íveruhús, og að sá, er byggir og lánið fær, verður að hafa fé sjálfur til að bæta við, eða geta lagt í húsið vinnu sína án þess beint að fá hana greidda, ef lánið og styrkurinn á að koma að notum. En þrátt fyrir þetta treystist nefndin ekki að leggja til að hafa lánið herra, því að enginn getur nú sagt um það, hvort ábúendur þeirra jarða, sem á þarf að byggja, geta staðið undir hærri lánnum en hér er lagt til, að veitt séu.

Þá þótti nauðsynlegt að hækka styrk og lán til nýbýla, sem ekki eru í byggðahverfum, hvort um sig um 1000 kr., og getur þá hámarksstyrkur og lán til nýbýlis orðið 9000 kr., í stað 7000 nú.

Enn fremur leggur nefndin til, að breyting sé gerð á stjórn nýbýlamálanna, þannig að hún sé skipuð þrem mönnum, tveim kosnum hlutfallskosningu af landbúnaðarnefndum Alþingis, en landbúnaðarráðherra skipi hinn þriðja, og sé hann formaður nefndarinnar og annist jafnframt störf þau, er nýbýlastjórn eru nú ætluð eftir lögnum, en nýbýlastjórastaðan er lögð niður samkvæmt frv. þessu.

Einn nefndarmannanna (ErlÞ) gat ekki, vegna veikinda, tekið þátt í afgreiðslu frv. nema að nokkru leyti.